

Samantekt: Áhættustjórnun á háskólasjúkrahúsi. Frumgerð mælitækis fyrir áhættumat á Landspítala háskólasjúkrahúsi.

Nemandi: Unnur Heba Steingrimsdóttir

Sérsvið: Mannauðsstjórnun

Dagsetning: Janúar 2007

Markmið rannsóknarinnar er að hanna og prófa frumgerð á klínísku áhættumati fyrir stjórnendur á geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH), sem hægt er að aðlaga fyrir stjórnendur annarra sviða og deilda. Rannsóknin hefur einnig þann tilgang að auka þekkingu stjórnenda og starfsfólks á heildrænni áhættustjórnun og því hvernig áhættumat með notkun útkomumælinga í klínískri starfsemi styður við markmið í stefnukortum sviða og deilda. Í rannsókninni er leitað svara við þremur aðal rannsóknarspurningum: „Er áhættumat á klíníska starfsemi hjálplegt stjórnþæki til að forgangsraða umbótum í flóknu umhverfi á geðsviði LSH.“ „Hvernig nýtist áhættumat sem rökstuðningur stjórnenda í breytinga-, umbóta-, öryggis- og nýsköpunarferli“ og „er fýsilegt að hanna frumgerð mælitækis fyrir áhættumat á LSH og nýta það með aðlögun á milli sviða og starfseininga.“ Rannsóknarsniðið var tilviksathugun þar sem stuðst var við eigindlega rannsóknaraðferð en notaðir voru rýnihópar til að kortleggja áhættuþætti í starfsemi geðsviðs. Útkoma úr vinnu rýnihópanna var áhættumælitæki fyrir geðsviðið, kortlagning hámarks áhættuþátta samkvæmt áhættustigagjöf auk þess sem aðferðafræði við innleiðingarferlið var skráð og metin. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísbendingar um að helsta áhætta geðsviðs tengist öryggismálum. Sjö áhættuþættir fá hæstan forgang. Þar er átt við áhættu í umhverfi, öryggi starfa, vöntun á aðstöðu innan sviðsins, skorti á stoðþjónustu og búsetuúrræðum í samfélaginu fyrir geðsjúka. Ennfremur var áhætta talin tengjast skorti á fagfólki, samstarfi við stoðþjónustu innan LSH og vöntun á umgengnisreglum um upplýsingar í sjúkraskrá. Stjórnendur svöruðu því játandi að áhættumat gæti verið gagnlegt hjálpartæki við stjórnun með því að gefa betri yfirsýn og færa málefnaleg rök fyrir ákvarðanatöku og aðgerðum. Varðandi aðlögun milli sviða og deilda fannst þeim að fremur en að taka heilt svið væri vænlegra að taka minni einingar með þekkta háa áhættu eða erfiðan rekstur.